

21.2 Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar

Menningarlæsi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Við lok 7. bekkjar getur nemandi:	Við lok 10. bekkjar getur nemandi:
<ul style="list-style-type: none"> • unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar, • hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum, • unnið einföld verkefni í hópi, • útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið, • gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans, • fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín, • tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt, • gengið frá eftir vinnu sína, • lagt mat á eigin verk. 	<ul style="list-style-type: none"> • útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar, • hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni, • tekið tillit til annarra í hópinnu og sýnt frumkvæði, • haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni, • beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir, • gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina, • gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans, • sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði, • lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. 	<ul style="list-style-type: none"> • unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna, • hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði, • tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi, • skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga, • beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt, • sett verkefni sín í menningarlegt samhengi, • tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir, • sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði, • metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.